

FUNDARBOÐ

**250. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 14. mars
2024 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Skipun varamanns í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

3. 2402030 - Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu

Afgreiðsla frá 661. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir að Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar gerist stofnaðili að Miðstöð Héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) og er sveitarstjóra falið að staðfesta með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

4. 2401301 - Bjarnhólar - Gjaldskrá 2024 - Breyting

Afgreiðsla frá 660. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir afgreiðslu umhverfis- og landbúnaðarnefndar og vísar til fullnaðarfgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

5. 2401012 - Dýraleifar - Söfnun - Útboð- Samningur - Gjaldskrá

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 660: Afgreiðsla 58. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við framkomin útboðsgögn. Málinu vísað til byggðarráðs. Samþykkt samhljóða."

Byggðarráð samþykkir framlögð útboðsgögn og felur sveitarstjóra að láta fara fram útboð á grundvelli þeirra. Í samræmi við nýjar kröfur við opinber útboð innan EES hefur töluvert staðlað efni bæst við útboðslýsingu. Byggðarráð felur sveitarstjóra vinna leiðbeiningar til einföldunar á framsetningu til að stuðla að góðri þátttöku.

Samþykkt samhljóða.

Guðný Elíasdóttir sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið."

6. 2307016 - Hugmynd að stækkun búnings- og salernisaðstöðu

Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 661:

"Framlagt kostnaðarmat við áformaðar framkvæmdir við mögulega stækkun búnings- og salernisaðstöðu við sundlaugina í Borgarnesi, sbr. afgreiðslu frá 660. fundi byggðarráðs.

Kostnaðarmat í tveimur liðum framlagt. Fyrri hluti þess felur í sér framkvæmdir sem falla innan útgjaldaramma fjárfestingaráætlunar en báðir verkhlutar gefa til kynna framkvæmd sem færi út fyrir ramma fjárfestingarheimilda. Byggðarráð felur sveitarstjóra að hefja vinnu við stækkun búnings- og salernisaðstöðu við sundlaugina í Borgarnesi sem ætla má að samræmist samþykktar heimildir til fjárfestingar 2024. Framkvæmdin felur í sér talsverðar endurbætur sérstaklega á búningsklefum kvenna og á búningsaðstöðu fyrir fatlaða og þau sem hafa ekki tók á að nýta sér hefðbundna kynjaskipta klefa.

Samþykkt samhljóða."

7. 2402263 - Afskrift á útistandandi kröfum

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 662: "Fjármálastjóri kynnti tillögu að afskrift á útistandandi kröfum sem eru fyrndar eða ekki talið hægt að innheimta.

Í tillögunni er lagt til að endanlega verði afskrifaðar rúmlega 4,7 m.kr af útistandandi kröfum sem annað hvort eru fyrndar eða ekki hægt að innheimta af öðrum orsökum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Eiríkur Ólafsson fór af fundi að afloknum þessum dagskrárlið."

8. 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 662: "Lögd fram tillaga um að frestur til að skila inn tilboðum í útboði á framkvæmdum við Grunnskóla Borgarfjarðar - Kleppjárnsreykjadeild verði framlengdur.

Byggðarráði hefur borist beiðni frá Eflu sem er verkefnastjóri við framkvæmdir við Grunnskóla Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum. Óskað er eftir afstöðu byggðarráðs varðandi framlengingu á fresti til opunar tilboða í verkið vegna fyrirspurna. Samkvæmt verkefnastjóra er um að ræða eðlilega fyrirspurn og sér byggðarráð ekkert því til fyrirstöðu að verða við henni. Byggðarráð samþykkir að opnun tilboða fari fram þann 13. mars kl. 11.00.

Samþykkt samhljóða."

9. 2402260 - Kaup á krókheysisbíl

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 662: Afgreiðsla frá 20. fundi fagraðs Slökkviliðs Borgarbyggðar: "Fagrað leggur til að keyptur verði krókheysisbíl í samræmi við þær lýsingar sem talað var um á fundi og felur slökkviliðsstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Málinu vísað til byggðarráðs."

Byggðarráð samþykkir framlagða tæknilýsingu og felur sveitarstjóra að fjárfesta í krókheysisbíl fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins. Gert var ráð fyrir fjárfestingunni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

10. 2402261 - Tækjakaup Slökkviliðs Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 662: "Afgreiðsla frá 20. fundi fagráðs Slökkviliðs Borgarbyggðar: "Fagráð leggur til að keyptir verði tveir buggý-bílar, annar tveggja manna með góðri búnaðarflutningsgetu og hinn fjögurra manna hugsaður fyrir mannflutninga og flutning á léttari búnaði. Lagt til kaup á bílum með viðeigandi aukabúnaði í samræmi við umræður á fundi. Slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Málinu vísað til byggðarráðs."

Byggðarráð samþykkir að farið verði í kaup á buggý bílum fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar í samræmi við innkaupareglur Borgarbyggðar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram. Gert var ráð fyrir fjárfestingunni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

11. 2402020 - Ósk frá Brák um fjárstuðning vegna kaupa á björgunarbúnaði - flotbretti

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 660: "Framlagt erindi frá Björgunarsveitinni Brák og Slökkviliði Borgarbyggðar um stuðning til kaupa á tækjabúnaði sem hannaður er til björgunar af ís og úr vökum.

Byggðarráð samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að vera í sambandi við Björgunarsveitina um afgreiðslu erindisins. Búnaðurinn getur reynst mikilvægur til björgunar á sjó og vötnum. Mikilvægt er að búnaðurinn geti nýst viðbragðsaðilum í öllu sveitarfélaginu ef aðstæður skapast.

Samþykkt samhljóða."

12. 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning við ráðningu vallarstjóra

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 662: "2309287
Í framhaldi af afgreiðslu 660. fundar byggðarráðs er lögð fram tillaga um að veita Golfklúbbi Borgarness rekstrarstyrk til eins árs.

Byggðarráð samþykkir að veita Golfklúbbi Borgarness styrk að fjárhæð 6 m.kr. til eins árs til umhirðu á vallarsvæði. Vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða."

13. 2401265 - Verðfyrirspurn v. vegar og plans - Tjaldsvæði í Kárastaðalandi(unglingalandsmót)

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Með verðfyrirspurn dags. 25. janúar 2024 var óskað eftir tilboðum í vinnu við gerð tjaldsvæðis í landi Kárastaða. Verðfyrirspurn var send á 26 mismunandi verktaka í sveitarfélaginu. Framlögð eru tvö tilboð sem bárust í verkið.

Öllum tilboðum hafnað og verkið verður útfært með öðrum hætti.

Samþykkt samhljóða."

Guðný Elíasdóttir fór af fundi að afloknum þessum dagskrárlið."

14. 2403058 - Áskorun til sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024

Framlögð áskorun til sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambandsins vegna kjarasamninga 2024. Þar er farið yfir þau atriði samninganna sem sérstaklega snúa að sveitarfélögum. Skorað er "á sveitarstjórnar að taka að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu."

15. 2309147 - Hamar í Þverárhlið - Umsókn um ljósastaura

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Framlögð beiðni um að komið verði fyrir götulýsingu í heimreið Hamars í Þverárhlið.

Byggðarráð samþykkir að standa straum af uppsetningu á að hámarki tveimur ljósastaurum við heimreið Hamars í Þverárhlið. Á árunum 2008-2013 stóð yfir tímabundið átaksverkefni og voru samþykktar viðmiðunarreglur vegna þess. Eftir að átakið rann sitt skeið hefur sveitarfélagið eigi að síður samþykkt að greiða fyrir uppsetningu á lýsingu á einstaka lögbýlum á grundvelli reglnanna. Byggðarráð telur sig þó á engan hátt bundið af þeim reglum. Verið er að útbúa samþykkt um þátttöku sveitarfélagsins í lýsingu við íbúðarhúsnæði á lögbýlum í Borgarbyggð út frá þeim viðmiðunarreglum sem voru í gildi sbr. afgreiðslu á 58. fundi Umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar mál nr. 2401047.

Samþykkt samhljóða."

16. 2402257 - Uxahryggjavegur (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð_Ósk um umsögn

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd telur fyrirhugaða framkvæmd við ný- og enduruppbyggingu Uxahryggjavegar innan marka Borgarbyggðar ekki vera háða mati á umhverfisáhrifum og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að veita umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

17. 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar framlagða vinnslutillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Íbúafundur verður haldinn á seinni stigum samhliða kynningu á nýju deiliskipulagi. Samþykkt samhljóða."

18. 2308251 - Breyting á aðalskipulagi - Hótel Hamar

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til svæði BL3 (Hamar) og O16 (Golfvöllur) í landi Hamars. Samþykkt samhljóða."

19. 2302046 - Hótel Varmaland - Aðalskipulagsbreyting

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar framlagða tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða."

20. 2210045 - Breyting á aðalskipulagi - Stækkun íbúðarsvæðis og breytt lega Hringvegs við Borgarnes

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til stækkunar íbúðarsvæðis Í12 í Bjargslandi svo hægt verði að koma fyrir allt að 50 íbúðum til viðbótar við núverandi svæði. Um leið er gerð breyting á 1,5 km löngum kafla Hringvegar þar sem hann er færður fjær byggðinni til að skapa meira rými fyrir stækkun íbúðarsvæðis.

Samþykkt með 4 atkvæðum: DS, OJ, EMJ og FA. 1 á móti: KRS.

Lögð er fram bókun:

Undirritaður getur ekki samþykkt umrædda breytingu á fyrirliggjandi legu hringvegarins þar sem undirritaður er mótfallinn núverandi skipulagi hringvegar út í Borgarfjörð. KRS."

Lögð er fram uppfærð aðalskipulagsbreyting eftir auglýsingu dags. í mars 2024.

Meginbreytingar sem gerðar hafa verið á breytingunni eru fjölgun íbúða innan landnotkunarreits Í12, bætt við sértækum skilmálum fyrir þjóðveginn, nýjum kafla bætt við um eftirfylgni og vöktun og bætt við umfjöllun um möguleg áhrif á vatnshlot í umhverfiskafla breytingar.

21. 2202085 - Deiliskipulag - Fjóluklettur við Kveldúlfshöfða

Afgreiðsla 63. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir framlagða tillögu að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem komu fram á fundinum og felur skipulagsfulltrúa að vinna gögnin áfram. Breytingar sem gerðar verða breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tillöguna samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða."

22. 2111023 - Sorphirðudagatöl

Afgreiðsla af 59. fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til við byggðarráð að samþykkja þær breytingar sem Íslenska gámafélagið leggur til, að fækka ferðum á pappa- og plastílátum í bæði dreifbýli og þéttbýli vegna aukins rúmmáls með fjórðu tunnunni sem var innleidd sumarið 2023. Breytingin felur í sér fækkun á tíðni sorphirðingar á pappa og plasti í þéttbýli úr 26 skiptum í 13 skipti og í dreifbýli úr 13 skiptum í 9 skipti. Nefndin vill þakka íbúum sveitarfélagsins fyrir góða og ábyrga flokkun. Nefndin vísar til byggðarráðs til samþykktar."

Fundargerð

23. 2402012F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 660

23.1 2401331 - Markaðsmál Borgarbyggðar 2024

- 23.2 2310116 - Þjónustukönnun sveitarfélaga 2023
- 23.3 2401301 - Bjarnhólar - Gjaldskrá 2024 - Breyting
- 23.4 2401012 - Dýraleifar - Söfnun - Útboð- Samningur - Gjaldskrá
- 23.5 2401326 - Umsókn um lóð - Kveldúlfsgata 30
- 23.6 2402074 - Umsókn um lóð - Kveldúlfsgata 30
- 23.7 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 23.8 2307016 - Hugmynd að stækkun búnings- og salernisaðstöðu Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi
- 23.9 2402021 - Húsnæðisáætlun 2024
- 23.10 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 23.11 2401330 - Lögbundið húsmæðraorlof kvenna
- 23.12 2402020 - Ósk frá Brák um fjárstuðning vegna kaupa á björgunarbúnaði - flotbretti
- 23.13 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning við ráðningu vallarstjóra
- 23.14 1406071 - Samningur um menningarhús - Brákarbraut 15
- 23.15 2402059 - Þjóðlendumál eyjar og sker.
- 23.16 2402047 - Hluthafafundur Menntaskóla Borgarfjarðar 16.febrúar 2024.
- 23.17 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 23.18 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 23.19 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 23.20 2402078 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024
- 23.21 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 23.22 2402069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2024

24. 2402018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 661

- 24.1 2402030 - Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu
- 24.2 2401278 - Framkvæmdáætlun Náttúruminjasgrá - Umhverfisstofnun
- 24.3 2311047 - Fyrirspurn frá FSRE um áhuga Borgarbyggðar á lóðum innan Kleppjárnsreykja
- 24.4 2307016 - Hugmynd að stækkun búnings- og salernisaðstöðu Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi
- 24.5 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð
- 24.6 2402082 - Snorrastaðir - Vatnsveita - Umsögn
- 24.7 2401005 - Viðmið í þjónustu 2024 - þjónustustefna
- 24.8 2401326 - Umsókn um lóð - Kveldúlfsgata 30
- 24.9 2402074 - Umsókn um lóð - Kveldúlfsgata 30
- 24.10 2402169 - Orku- og fjarskiptaöryggi vegna bilunar 15.- 16.febr 2024
- 24.11 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 24.12 2402225 - Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - til umsagnar
- 24.13 2402224 - Aðalfundur SSV 2024

25. 2402023F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 662

- 25.1 2402249 - Þróun skatttekna Borgarbyggðar
- 25.2 2402263 - Afskrift á útistandandi kröfum
- 25.3 2402243 - Litli Kroppur - Vatnsveita - Umsögn
- 25.4 2402258 - Síðumúlaveggir - Vatnsveita - Umsögn
- 25.5 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 25.6 2102003 - Endurskoðun á reglum um úthlutun lóða
- 25.7 2012005 - Innkaupareglur Borgarbyggðar
- 25.8 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 25.9 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning við ráðningu vallarstjóra
- 25.10 2402260 - Kaup á krókheysisbíl
- 25.11 2402261 - Tækjakaup Slökkviliðs Borgarbyggðar
- 25.12 2402272 - Beiðni Slökkviliðs Borgarbyggðar um allt húsnæðið Litla Hvammi Reykholti
- 25.13 2105172 - Fagrað slökkviliðsins - fundargerðir
- 25.14 2402251 - Lagafrumvarp til samráðs - Breyting á lögum um opinber skjalasöfn 77-2014
- 25.15 2402250 - Lagafrumvarp til samráðs - breyting á lögum um velferð dýra nr. 55-2013
- 25.16 2402230 - Aðalfundur Veiðifélags Álftár 8.mars 2024.
- 25.17 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

26. 2403003F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 663

- 26.1 2403002 - 80 ára afmæli Lýðveldisins
- 26.2 2402059 - Þjóðlendumál eyjar og sker.
- 26.3 2403027 - Kostnaður við skólamáltíðir í grunnskólum
- 26.4 2402276 - Umsókn um lóð - Þórðargata 2A og 4A.
- 26.5 2403010 - Umsókn um lóð - Vallarás nr. 16F
- 26.6 2309147 - Hamar í Þverárhlið - Umsókn um ljósastaura
- 26.7 2401265 - Verðfyrirspurn v. vegar og plans - Tjaldsvæði í Kárastaðalandi(unglingalandsmót)
- 26.8 2401273 - Útboð á akstursþjónustu
- 26.9 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga
- 26.10 2401052 - Stangarholtsvegur (5345-01) - fyrirhuguð niðurfelling
- 26.11 2102060 - Verkefnaráð vegna Holtavörðuheiðarlínu 1
- 26.12 2403013 - Tillaga um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030
- 26.13 2403012 - Lagt fram til umsagnar - mál 60-2024 Drög að frmuvarpi til laga um inngiildandi menntun
- 26.14 2402280 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf - 14.mars.2024

- 26.15 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundargerðir 2024.
- 26.16 2402069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 26.17 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.

27. 2402029F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 231

- 27.1 2401314 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og tónlistaskóla Borgarbyggðar 2024-2025
- 27.2 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 27.3 2402235 - Erindi frá foreldrafélaginu Hnoðrabóli
- 27.4 2205025 - Verklagsreglur vegna undirmönnunar í leikskólum Borgarbyggðar
- 27.5 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn

28. 2402024F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 63

- 28.1 2308004 - Ásbrún - Breyting á deiliskipulagi
- 28.2 2311271 - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri_Nýtt deiliskipulag
- 28.3 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes
- 28.4 2308251 - Breyting á aðalskipulagi - Hótel Hamar
- 28.5 2306046 - Hamarsland - hótel L200623 - Umsókn um deiliskipulag
- 28.6 2302046 - Hótel Varmaland - Aðalskipulagsbreyting
- 28.7 2302047 - Hótel Varmaland - Breyting á deiliskipulagi
- 28.8 2402234 - Jarðlungsstaðaland - Langárbyrgi L177317 - Nýtt deiliskipulag
- 28.9 2210045 - Breyting á aðalskipulagi - Stækkun íbúðasvæðis og breytt lega Hringvegs við Borgarnes
- 28.10 2202085 - Deiliskipulag - Fjóluklettur við Kveldúlfshöfða
- 28.11 2402195 - Sigmundarstaðir - umsókn um deiliskipulag - L134748
- 28.12 2402257 - Uxahryggjavegur (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð_Ósk um umsögn
- 28.13 2310297 - Eskiholtsskógur L229352_Deiliskipulag
- 28.14 2402244 - Þursstaðir 135192 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 28.15 2402253 - Kveldúlfsgata 30 - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 28.16 2302184 - Sveinatunga L134822_Umsókn um framkvæmdaleyfi
- 28.17 2402015F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 28
- 28.18 2402025F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 224

29. 2402007F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 145

- 29.1 1605121 - Aldan
- 29.2 2007082 - Félagsstarf aldraðra

30. 2402027F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 146

- 30.2 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

- 30.3 2401273 - Útboð á akstursþjónustu
- 30.4 2311278 - Gott að eldast

31. 2311019F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 59

- 31.1 2308258 - Inntakslón Andakílsárvirkjunar_Bygginga- og framkvæmdaleyfisumsóknarferli
- 31.2 2309101 - Andakílsárvirkjun - umsókn um starfsleyfi vegna haugsetningar sets úr inntakslóni
- 31.3 2311147 - Svæðisskipulag Suðrhálendis_Umsagnarbeiðni
- 31.4 2311271 - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri_Nýtt deiliskipulag
- 31.5 2308247 - Ugluklettur - leikskóli - br.dsk
- 31.6 2308244 - Brúartorg 6 L135571 - Umsókn um deiliskipulag
- 31.7 2307194 - Niðurskógur í landi Húsafells III_Hraunbrekkur 33_Breyting á deiliskipulagi
- 31.8 2311008F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 23
- 31.9 2310028F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 219
- 31.10 2311014F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 220

32. 2401023F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 59

- 32.1 2111023 - Hringrásar hagkerfið - Lífrænn úrgangur
- 32.2 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 32.3 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð
- 32.4 2401265 - Verðfyrirspurn v. vegar og plans - Tjaldsvæði í Kárastaðalandi(unglingalandsmót)
- 32.5 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 32.6 2401053 - Deild umhverfis- og landbúnaðarmála, mánaðarskýrslur 2024

12.03.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.